

Áveitan

9. tbl. 5. árgangur. September 2011

Flóamót 2011

Á föstudaginn kemur, 2. september, fer Flóamótið í frjálsum íþróttum fram á íþróttavellinum við Flóaskóla. Mótið hefst að lokinni kennslu í Flóaskóla kl. 14:00. Ungmennfélögin Baldur, Samhygð og Vaka standa fyrir mótinu og er öllum börnum á grunnskólaaldri í Flóahreppi boðið að taka þátt og spreyta sig í fjölbreyttri og skemmtilegri keppni. Keppt verður í eftirfarandi greinum:

- 1.-4. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, 400 m hlaup.
- 5.-7. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 400 m hlaup.
- 8.-10. bekkur: 100 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 800 m hlaup.

Foreldrar eru hvattir til að fylgja börnum sínum á mótið, þeim til stuðnings og hvatningar. Sérstaklega er þess óskað að foreldrar barna í 1. - 4. bekk fylgi sínum börnum eftir. Börnin taka þátt í mótinu á ábyrgð foreldra sinna ekki ungmennafélaganna.

Að keppni lokinni verður öllum keppendum veitt viðurkenning fyrir þátttökuna auk þess sem boðið verður upp á hressingu.

Ungmennafélögin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Félagsmál

María Kristjánsdóttir hefur verið ráðinn sameiginlegur félagsmálastjóri sjö sveitarfélaga, Flóahrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hveragerðis og Ölfuss.

María hefur aðsetur í Hveragerði, sími hjá henni er 483-4000 og netfangið er maria@hveragerdi.is

Ný velferðarnefnd fyrir sama svæði hefur einnig verið skipuð en í henni eiga sæti: Unnur Þormóðsdóttir formaður, Harpa Dís Harðardóttir varaformaður, Jón Páll Kristófersson, Helena Helgadóttir og Alma Anna Oddsdóttir.

Starfsstöð félagsmála fyrir uppsveitir Árnæssýslu og Flóahrepps verður áfram í Laugarási, sími 480-5300.

Þjótandi

Á fundi sveitarstjórnar í byrjun ágúst var lagt fram erindi frá sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytinu þar sem óskað var eftir umsögn sveitarstjórnar um erindi frá sambandi Íslenskra loðdýrabænda.

Í erindi loðdýrabænda var óskað eftir því að hugmynd ráðuneytisins um að taka spildur úr landi Þjótanda til loðdýraræktar verði endurvakin.

Sveitarstjórn tók jákvætt í erindið með fyrirvara um að tillögur séu í samræmi við lög og reglugerðir sem lúta að starfsemi um rekstur loðdýrabúa.

Samningur um almenningssamgöngur milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins

Vegagerðin og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa skrifað undir samning um almenningssamgöngur milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins.

Samningurinn gerir ráð fyrir því að SASS sjái um að skipuleggja og tryggja almenningssamgöngur með því að halda upp reglubundnum fólksflutningum milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins og að Vegagerðin greiði SASS 80 mkr. árlega í styrk til þess.

Samningurinn var undirritaður 26. júlí s.l. og gildir frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2018.

Réttir

Réttað verður í Reykjaréttum laugardaginn 17. september n.k.

Afréttarkort

Minnt er á að kort af afrétti milli Þjórsár og Hvítár er fánlegt á skrifstofu Flóahrepps. Kortið er selt á kostnaðarverði, 500 kr. pr/stk.

Umhverfisverðlaun

Óskað er eftir hugmyndum og tillögum um umhverfisverðlaun fyrir árið 2011 frá íbúum Flóahrepps.

Umhverfisverðlaun geta hlotið einstaklingar, heimili, fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök í sveitarfélaginu sem þykja hafa skarað fram úr eða verið til fyrirmyndar í umhverfismálum það árið eða undangengin ár. Aðeins þeir sem hafa lögaðsetur í sveitarfélaginu koma til greina við val á umhverfisverðlaunum.

Verklagsreglur um val á umhverfisverðlaunum má sjá á heimasíðu Flóahrepps, <http://www.floahreppur.is/stjornsysla/umhverfismal>

Íbúar eru hvattir til að taka þátt og þar með veita viðurkenningu þeim aðilum, fyrirtækjum og/eða félagasamtökum sem hafa staðið sig vel í umhverfismálum.

Það er mikilvægt og nauðsynlegt fyrir þá sem hafa gert gangskör eða skarað framúr í snyrtingu og fegrun umhverfis að fá viðurkenningu fyrir það en ekki síður fyrir samfélagið í heild sinni að skapa sér ímynd sem snýrtilengt og umhverfisvænt sveitarfélag.

Tilnefningum og hugmyndum má skila á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, merkt umhverfisverðlaun eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is fyrir 15. september n.k.

Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps

Íþróttæfingar ungmennafélaganna í vetur

Verða með sama sniði og undanfarna vetur. Æfingar fyrir 1.-4. bekk í Flóaskóla verða á miðvikudögum eins og áður. Æfingar fyrir 5. bekk og eldri verða í Þingborg að kvöldi til en hefjast ekki strax. Þær verða auglýstar sérstaklega síðar.

Kornsláttur-kornþresking

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt nú eins og undanfarin haust. Öflug og góð tæki, bændur eru hvattir til að undirbúa sig vel, því þá mun þresking ganga vel.

10% afsláttur frá gjaldskra fram til 10. sept. Bændur er hvattir til að nýta sér það og sleppa ekki þurrum dögum.

Sigmar í Jaðarkoti sér um tæki og tekur við pöntunum í síma 696 8653

Kvenfélag Hraungerðishrepps

Jæja konur! Nú er komið að orlofinu okkar. Ferðinni er heitið í stækkaðan og endurbættan sumarbústað Kvenfélagsins Bergþóru í Ölfusi. Bústaðurinn er í landi Gljúfurs og heitir Birkihlíð. Nefndin sér um matarinnkaup og kaffi te og mjólk. Við fáum bústaðinn afhentan föstudaginn 30.sept. kl 14 fram á sunnudag. Hafa þarf með rúmfatnað, sundfatnað og handklæði.

Nánari upplýsingar og tilkynning um þátttöku í síðasta lagi þriðjudaginn 27.sept. til skemmtinefndar þ.e Magga Einars s:482-1180/697-7212, Sigga Harðar s:555-3432/824-5598, Betzy s:482-1057/868-3116

E.s. Þær konur sem ekki hafa tök á að keyra sjálfar geta haft samband við okkur í skemmtinefndinni og við munum sjá um ykkur :)

MÆTUM MEÐ SKEMMTILEGT HÖFUÐFAT OG BERJATÍNU, hvort sem við gistum eða ekki.

Skemmtinefndin

Sýning í Tré og list

Sýning á útskurði Unnar Guðmundsdóttur frá Túni framlengist og mun hún standa út september.

4

Tré og list, Forsæti

Kvennasport

Kvennasport Huldu verður áfram í vetur á mánudags- og miðvikudags-
-kvöldum kl. 20:00-21:00 í Þjórsárveri. Við byrjum mánudagskvöldið
5. september.

Skemmtilegar æfingar, fjörug tónlist og frábær félagsskapur!

Nánari upplýsingar í síma 866-3245 og á netfangið hulda@floaskoli.is.

Vonast til að sjá sem allra flestar í vetur – aldurinn skiptir ekki máli!

Með kveðju,
Hulda Kristjánsdóttir íþróttافرæðingur
Gsm: 866-3245
Netfang: hulda@floaskoli.is

Frá UMF Baldri

Framundan

Hjá Umf. Baldri er hauststarfið framundan. Þar ber hæst íþróttæfingar bæði yngri og eldri. Æfingar verða með svipuðu eða sama sniði og undanfarin ár. Yngri æfingar eru í samstarfi við Flóaskóla og eldri æfingar eru sameiginlegar hjá öllum félögunum, verða þær auglýstar betur annars staðar.

Svo þegar líður frekar að vetri fer undirbúningur undir þorrablót af stað að venju, það verður mikil gleði eins og ávallt.

Hautball í Félagslundi

Hautballið sívinsæla verður haldið í Félagslundi laugardaginn 24. september. Húsið opnar kl. 22:00 og eru gestir hvattir til að mæta tímanlega. Aðgangseyrir er 2.500 kr. Jón Bjarnason Skeiðungur spilar fram eftir nóttu. Sjáumst sem flest og í góðum gír. Athugið að aðeins er tekið við reiðufé.

Fréttir frá Krakkaborg

Ágústmánuður er búinn að vera viðburðarríkur hjá okkur en við höfum nýtt skólaár með starfsdegi kennara þann 8. Þá fengum við til okkar Sigurjón Þórðarson frá Capacent ráðgjöf. Hann fjallaði meðal annars um samskipti á vinnustað og hvað einkenni góða liðsheild. Lagður var grunnur að svokölluðum samskiptagildasamningi sem allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í að búa til og munum við vinna eftir honum í vetur.

Börnin komu svo hvert af öðru í leikskólann þann 9. ágúst eftir gott sumarfrí. Það leyndi sér ekki hversu gaman börnin höfðu að því að hitta hvert annað á ný.

Tveir nýir starfsmenn hófu störf hjá okkur en það eru þær Inga B. Einarasdóttir grunnskólakennari sem er hópstjóri elstu barna leikskólans og Sólrún Ágústsdóttir sem verður hópstjóri á Strumpadeild. Við bjóðum þær hjartanlega velkomnar til starfa.

Þann 25. ágúst fórum við í hina árlegu berjaferð að Lyngholti. Elstu Strumpar og allir Tígrar fóru í ferðina að þessu sinni og fengum við að leika aðeins með dótið í Lyngholti og kíktum á hvorpinn sem á heima þar. Ekki var mikið af berjum að þessu sinni en það dugði þó til að hverfa upp í svanga munna og voru það berjablá börn sem sneru aftur í leikskólann.

Við erum byrjuð að taka upp grænmetið okkar úr matjurtagarðinum og fáum við gulrætur, gulrófur og kartöflur að þessu sinni. Allt bragðast þetta mjög vel og eru börnin dugleg að hjálpa til við að taka upp og smakka góðgætið.

Börnin hafa notið sumarsins og verið mikið úti bæði í frjálsum leik sem og í skipulögðu útinám. Við minnum á heimasíðu leikskólans: www.leikskolinn.is/krakkaborg en þar má finna hinar ýmsu upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Bestu kveðjur,
Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri.

Frá Flóaskóla

Skólasetning Flóaskóla var þann 24. ágúst sl. og hófst þá áttunda starfsár skólans. Í vetur eru 94 nemendur skráðir til náms í 1.-10. bekk. 27 starfsmenn starfa við skólann, sumir sem stundakennarar eða starfsmenn í hlutastarfi en aðrir í fullu starfi. Auk þeirra eru ótaldir nokkrir aðilar sem koma að kennslu valgreina og umhverfis- og starfsfræðslu í unglingadeild. Sex skólabílstjórar sinna skólaakstri.

Áhersla nýs skólaárs verður m.a. á nýjar samskipta- og umgengnisreglur, Olweus áætlun gegn einelti, fjölbreytt námsval og gott samstarf við heimili nemenda og samfélagið sem stendur að skólanum. Kennsla fer fram í Flóaskóla, íþróttakennsla að hluta til í Þingborg og sundkennsla í sundlauginni Laugalandi í Holtum. Valgreinakennsla í unglingadeild fer að hluta til fram hjá aðilum sem sinna sérhæfðri þjónustu í sveitinni.

Í septembermánuði munu nemendur í 4., 7. og 10. bekk þreyta samræmd könnunarpróf. Skólakynning verður fyrir foreldra og munu nemendur taka þátt í því að kynna skólann og námið ásamt kennurum sínum. Í október sækja kennarar haustþing Kennarafélags Suðurlands. Í byrjun október fara nemendur í 9. bekk til vikudvalar í skólabúðum að Laugum í Sælingsdal og verða þar ásamt hópi 9. bekkinga frá Grunnskólanum í Hveragerði og dönskum skólakrökkum sem eru í heimsókn á Íslandi. Spennandi tímar framundan!

Samstarf verður áfram gott við leikskólann Krakkaborg vegna aðlögunar leikskólabarna að nýju skólastigi, heimsóknum fjölgað og tími barnanna í Flóaskóla lengdur. Faglegt samstarf síðustu ár hefur skilað sér í miðlun þekkingar á milli skólanna og sjálfstæðum og öruggum 1. bekkungum að hausti. 3-4 kennarar á vegum Tónlistarskóla Árnesinga munu kenna nemendum í Flóaskóla á píanó, blokkflautu, málmblasturshljóðfæri og gítar. Skólahjúkrunarfræðingur frá HSu er með fasta viðveru í skólanum og fjölgar heimsóknum frá því sem verið hefur vegna fjölgunar nemenda.

Skólahjúkrunarfræðingur miðlar fræðslu til nemenda, foreldra og starfsfólks, auk þess sem hún á sæti í Nemendaverndarráði skólans. Sérfræðiþjónusta kemur frá Skólaskrifstofu Suðurlands en þar höfum við aðgang að faglegri ráðgjöf og gæiningu frá kennsluráðgjafa og sálfræðingi.

Skemmtanir og aðrar upptakomur verða að einhverju leyti með öðru sniði en verið hefur sl. ár. Gestum á árhátíðum og öðrum skemmtunum hefur farið fjölgandi með stækkandi skóla og munum við í vetur tvískipta jólaskemmtunum og árhátíð, skólakynningu og öðrum samkomum. Miðað er við að nemendur í 1.-7. bekk séu á sama tíma og nemendur í 8.-10. bekk á sama tíma. Við hvetjum ykkur sveitunga okkar til að halda áfram að vera duglega að heimsækja okkur - okkur finnst mjög gaman að taka á móti gestum ☺.

Vetrarstarfið framundan er að komast í fullan gang og margt skemmtilegt á dagskránni. Það er sameiginlegt hlutverk okkar allra að koma að fræðslu og uppeldi barnanna okkar og ég er þess fullviss að samstarf heimila, skóla og samfélagsins alls verður frábært í vetur eins og undanfarin ár.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri,

kristin@floaskoli.is , gsm 663-5720.

Fréttir frá Umf. Samhygð

Glímufréttir

Marín Laufey Davíðsdóttir tók þátt í glímukeppni Unglingalandsmótins á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina og sigraði alla sína keppinauta og varð unglíngalandsmótsmeistari í flokkum 15-16 ára og 17-18 ára. Jón Gunnþór Þorsteinsson keppti í flokki drengja 13-14 ára, hlaut 1 vinning en komst ekki úrslit. Þess má geta að Marín og Jón voru einu keppendur HSK í glímu á unglíngalandsmótinu þetta árið.

Glímuæfingar hefjast að nýju í Félagslundum mánudagskvöldið 19. september kl. 20:00. Öll börn og unglíngar í 4. bekk og eldri velkomin.

Af frjálsíþróttavellinum

Hlaupakappinn Kristinn Þór Kristinsson hefur ekki gert það endasleppt á hlaupabrautinni í sumar. Hann vann glæstan sigur í 800 m hlaupi í bikarkeppni FRÍ á dögnum auk verðlauna á öðrum mótum. Hér á eftir fylgir árangur Kristins upp á síðkastið.

Meistaramót Íslands á Selfossi 23.-24. júlí.

400 m 8. sæti 53,29 sek

800 m 3. sæti 1:59,13

Bikarkeppni FRÍ 13.-14. ágúst á Kópavogsvelli

1500 m 2. sæti 3:58,12

800 m 1. sæti 1:54,99

5000 m 5. sæti 17:32,52

Meistaramót Íslands 15-22 ára á Akureyri 27.-28. ágúst

800 m 2. sæti 2:15,27

Minningarorð

Þau sorgartíðindu urðu þann 8. ágúst síðastliðinn að Unnur Stefánsdóttir frá Vorsabæ lést eftir baráttu við illvígán sjúkdóm. Unnur var félagi í Umf. Samhygð frá barnsaldri og ein fræknasta frjálsíþróttakona félagsins frá upphafi. Frjálsíþróttiferill Unnar stóð allt frá 12 ára aldri og snemma varð hún meðal fremstu frjálsíþróttakvenna Skarphéðins og síðar varð hún landsliðskona í 400 m og 800 m hlaupi. Unnur keppti alls 38 sinnum á millifélagamóti Samhygðar og Vöku og er stigahæsti keppandi mótanna frá upphafi sé litið til samanlagðra stiga. Síðast rann hún 800 metrana á Samhygðar- og Vökumóti 2007 þar sem Unnur sigraði miklu yngri keppinauta með glæsibrag.

Unni var annt um sitt æskufélag Samhygð og fylgdist með starfi þess og hvatti okkur sem forystuna skipa til dáða með þeirru jákvæðni og bjartsýni sem var henni eðlislæg. Haustið 2008 var afhjúpaður minnisvarðu um foreldra Unnar, Stefán og Guðfinnu, að Timburhólum. Unnur vann náíð með nefnd á vegum Samhygðar að gerð minnisvarðans og fundaði nefndin reglulega í Vorsabæjarholti hjá Unni og Hákonu. Það var ákaflega gott að koma til þeirra hjóna, gestrisnin mikil og margar góðar tillögur ræddar og vegnar af kostgæfni.

Nú að leiðarlokum vill Ungmennfélagið Samhygð þakka Unni fyrir samfylgdina og hlýhugin í gegnum árin og um leið votta aðstandendum hennar okkar dýpstu samúð.

Fyrir hönd Umf. Samhygðar
Stefán Geirsson, formaður.

Frá Umf. Vöku:

Unglingamót HSK – Þorlákshöfn 9. ágúst

Guðmunda Ólafsdóttir

Spjótkast - 23,25 m 2. sæti

Kúluvarp - 7,38 m 4. sæti

46. Bikarkeppni FRÍ – Kópavogsvöllur 12. og 13. ágúst

Haraldur Einarsson

100 m. - 11,32 sek 4. sæti

400 m. - 50,68 sek 4. sæti

Þrístökk - 13,99 m 2. sæti meðvindur of mikill

200 m. - 23,11 sek 5. sæti

4x100 m boðhlaup, sveit HSK - 44,64 sek 5. sæti

1000 m boðhlaup, sveit HSK - 2:01,35 mín 5. sæti

Rúnar Hjálmarsson

3000 m. hindrunarhlaup – 14:05,39 mín 6. sæti

Markaður í Þjórsárverri

Seinni hluta nóvembermánaðar verður haldinn markaður á vegum Kvenfélags Villingaholtshrepps. Á boðstólum verður fjölbreytt úrval nytja- og skrautmuna ásamt ýmsu góðgæti. Kvenfélagið vill einnig bjóða fólki, utan félagsins, að hafa þar sölubás.

Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við Elfu fyrir 10. nóv.

í síma 892-8295 eða senda tölvupóst á netfangið

elfak@arborg.is

Endanleg dagsetning liggur ekki fyrir ennþá en hún verður auglýst síðar.

Við hvetum fólk til að nota tækifærið, koma í Þjórsárver og selja sínar vörur ásamt því að upplifa skemmtilega markaðsstemningu.

Kvenfélag Villingaholtshrepps

Búbót bændaverslun opin í vetur

Búbót bændaverslunin í Gömlu-Pingborg sem opnuð var í maí sl. hefur fengið góðar viðtökur. Allar vörur í versluninni eru upprunamerktar og mælist það vel fyrir meðal viðskiptavina sem koma allstaðar að af landinu. Opnunartími verslunarinnar frá 1. september verður föstudaga til sunnudaga frá 13:00 til 18:00.

Með kveðju Gauti og Guðbjörg

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Nú nýverið komu saman stjórn og skemmtinefnd og settu saman hugmynd að dagskrá á komandi hausti. Vonumst við til þess að konur verði duglegar að sækja viðburði kvenfélagsins, það er alltaf gaman að koma saman í góðum hópi.

Fimmtudagurinn 8. september.

Kvöldstund í upphafi hausts í Félagslundi kl. 20.30. Mætum allar með góða skapið og handavinnu ef einhverjar eru að gera eitthvað skemmtilegt. Nýir félagar innilega velkomnir.

Helgin 30. sept.-2. okt.

Sumarbústaðarferð. Nú skellum við okkur í sumarbústað í Neðri-Dal í Biskupstungum. Fáum húsið síðdegis á föstudegi og fram á sunnudag. Nú má engin láta sig vanta, því þetta verður skemmtilegt!!! Vinsamlega látið vita um þátttöku ykkar á netfang formannsins, velli@emax.is, eigi síðar en 28. september. Getið um hvort þið ætlið að gista eina eða tvær nætur. Nánari tilhögun verður send í venjulegum pósti. Þessi ferð er eingöngu fyrir félagskonur.

13. október.

Hautfundur kvenfélagsins haldinn í Félagslundi kl. 20.30.

27. október.

Námskeið í brjóstsykursgerð í Félagslundi kl. 20.00. Svandís Guðmundsdóttir kemur með þriggja tíma námskeið og kennir okkur að búa til brjóstsykur.

Snemma í desember verður svo Menningarferðin og föndurkvöld og að sjálfsögðu jólaballið, við fjöllum um það síðar.

Stjórnin.

Úrslit af Samhygðar- og Vökumóti 2011

Haldið á íþróttavellinum við Þjórsárver 21. ágúst í góðu veðri.

100 m. hlaup karla.

1. Haraldur Einarsson	11,6 sek.	Vaka
2. Kristinn Þór Kristinsson	11,9 sek.	Samhygð
3. Bjarni Már Ólafsson	12,3 sek.	Vaka
4.-5. Arnar Einarsson	12,6 sek.	Vaka
4.-5. Ásgeir Hallgrímsson	12,6 sek.	Samhygð
6. Daniel Másson	12,7 sek.	Samhygð
7. Tómas Karl Guðsteinsson	12,8 sek.	Vaka
8. Sveinn Orri Einarsson	13,9 sek.	Vaka
9. Jóann Páll Smáráson	15,2 sek.	Vaka

100 m. hlaup Kvenna.

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	14,5 sek.	Vaka
2. Halldóra Markúsdóttir	14,8 sek.	Samhygð
3. Fanney Ólafsdóttir	15,1 sek.	Vaka
4. Guðmunda Ólafsdóttir	15,3 sek.	Vaka
5. Kolbrún Sara Markúsdóttir	16,4 sek.	Samhygð
6. Ingibjörg Markúsdóttir	17,9 sek.	Samhygð
7. Margrét Ívarsdóttir	18,2 sek.	Samhygð

Kúluvarp Karla.

1. Stefán Geirsson	11,68 m.	Samhygð
2. Bjarni Már Ólafsson	10,52 m.	Vaka
3. Haraldur Einarsson	10,31 m.	Vaka
4. Einar Helgi Haraldsson	9,47 m.	Vaka
5. Kristinn Þór Kristinsson	9,60 m.	Samhygð
6. Ágúst Valdísarson	9,55 m.	Samhygð
7. Tómas Karl Guðsteinsson	8,11 m.	Vaka
8. Daniel Másson	7,88 m.	Samhygð
9. Ásgeir Hallgrímsson	7,80 m.	Samhygð
10. Sveinn Orri Einarsson	7,58 m.	Vaka
11. Jón M Ívarsson	6,66 m.	Samhygð
12. Matthías Pálmason	6,20 m.	Samhygð
13. Daniel Andri Þórhallsson	4,52 m.	Samhygð

Kúluvarp Konur.

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	8,59 m.	Vaka
2. Ingibjörg Markúsdóttir	8,48 m.	Samhygð
3. Anný Ingimarsdóttir	1,38 m.	Samhygð
4. Hallfríður Aðalsteinsdóttir	7,94 m.	Vaka

5. Elín B. Sveinsdóttir	7,10 m.	Vaka
6. Guðmunda Ólafsdóttir	6,65 m.	Vaka
7. Halldóra Markúsdóttir	6,65 m.	Samhygð

Kringlukast Karlar.

1. Haraldur Einarsson	26,95 m.	Vaka
2. Einar Helgi Haraldsson	25,15 m.	Vaka
3. Bjarni Már Ólafsson	23,67 m.	Vaka
4. Stefán Geirsson	23,39 m.	Samhygð
5. Ágúst Valdísarson	21,44 m.	Samhygð
6. Bjarki Reynisson	21,25 m.	Vaka
7. Daníel Másson	20,61 m.	Samhygð
8. Tómas Karl Guðsteinsson	20,10 m.	Vaka
9. Ásgeir Hallgrímsson	17,38 m.	Samhygð
10. Markús Ívarsson	14,97 m.	Samhygð
11. Sveinn Orri Einarsson	14,76 m.	Vaka

Spjótkast Konur.

1. Guðrún Inga Helgadóttir	25,13 m.	Vaka
2. Guðmunda Ólafsdóttir	24,97 m.	Vaka
3. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	22,30 m.	Vaka
4. Halldóra Markúsdóttir	20,82 m.	Samhygð
5. Fanney Ólafsdóttir	19,73 m.	Vaka
6. Ingibjörg Markúsdóttir	18,15 m.	Samhygð
7. Anný Ingimarsdóttir	15,00 m.	Samhygð
8. Elín B. Sveinsdóttir	13,02 m.	Vaka
9. Margrét Ívarsdóttir	9,78 m.	Samhygð

Þrístökk Karlar.

1. Haraldur Einarsson	13,43 m.	Vaka
2. Bjarni Már Ólafsson	12,74 m.	Vaka
3. Kristinn Þór Kristinsson	12,00 m.	Samhygð
4. Daníel Másson	10,92 m.	Samhygð
5. Ásgeir Hallgrímsson	10,60 m.	Samhygð
6. Arnar Einarsson	10,46 m.	Vaka
7. Tómas Karl Guðsteinsson	10,20 m.	Vaka
8. Stefán Geirsson	9,72 m.	Samhygð

Þrístökk Konur.

1. Halldóra Markúsdóttir	8,97 m.	Samhygð
2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	8,66 m.	Vaka
3. Fanney Ólafsdóttir	8,57 m.	Vaka
4. Guðrún Inga Helgadóttir	8,36 m.	Vaka
5. Ingibjörg Markúsdóttir	8,11 m.	Samhygð
6. Guðmunda Ólafsdóttir	7,92 m.	Vaka

Hástökk Karlar.

1. Bjarni Már Ólafsson	1,65 m.	Vaka
2. Haraldur Einarsson	1,60 m.	Vaka
3. Daníel Másson	1,55 m.	Samhygð
4. Kristinn Þór Kristinsson	1,55 m.	Samhygð
5. Arnar Einarsson	1,45 m.	Vaka
6. Tómas Karl Guðsteinsson	1,40 m.	Vaka
7. Stefán Geirsson	1,30 m.	Samhygð

Hástökk Konur.

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	1,40 m.	Vaka
2. Halldóra Markúsdóttir	1,30 m.	Samhygð
3.-4. Guðrún Inga Helgadóttir	1,15 m.	Vaka
3.-4. Ingibjörg Markúsdóttir	1,15 m.	Samhygð
5. Guðmunda Ólafsdóttir	1,15 m.	Vaka
6. Margrét Ívarsdóttir	1,05 m.	Samhygð
7. Kolbrún Sara Másdóttir	1,00 m.	Samhygð

Langstökk Karla.

1. Haraldur Einarsson	6,19 m.	Vaka
2. Bjarni Már Ólafsson	6,02 m.	Vaka
3. Kristinn Þór Kristinsson	5,74 m.	Samhygð
4. Daníel Másson	5,31 m.	Samhygð
5. Ásgeir Hallgrímsson	5,09 m.	Samhygð
6. Tómas Karl Guðsteinsson	4,84 m.	Vaka
7. Stefán Geirsson	4,75 m.	Samhygð
8. Arnar Einarsson	4,62 m.	Vaka
9. Sveinn Orri Einarsson	4,49 m.	Vaka
10. Matthías Pálmason	3,79 m.	Samhygð
11. Jóann Páll Smáráson	3,49 m.	Vaka
12. Daníel A Þorvaldsson	3,13 m.	Samhygð

Langstökk Konur

1. Halldóra Markúsdóttir	4,26 m.	Samhygð
2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	4,02 m.	Vaka
3. Fanney Ólafsdóttir	3,99 m.	Vaka
4. Guðrún Inga Helgadóttir	3,87 m.	Vaka
5. Guðmunda Ólafsdóttir	3,82 m.	Vaka
6. Kolbrún Sara Másdóttir	3,61 m.	Samhygð
7. Margrét Ívarsdóttir	3,11 m.	Samhygð

800 m. Karlar

1. Kristinn Þór Kristinsson	2:07,9 mín.	Samhygð
2. Haraldur Einarsson	2:39,7 mín.	Vaka
3. Sveinn Orri Einarsson	2:43,9 mín.	Vaka
4. Daníel Másson	2:45,8 mín.	Samhygð
5. Matthías Pálmason	2:46,9 mín.	Samhygð
6. Arnar Einarsson	3:18 mín.	Vaka
7. Daníel Andri Þórhallsson	3:38,3 mín.	Samhygð
8. Markús Ívarsson	3:39,5 mín.	Samhygð

800 m. Konur

1. Halldóra Markúsdóttir	3:04,5 mín.	Samhygð
2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	3:07 mín.	Vaka
3. Guðmunda Ólafsdóttir	3:42,5 mín.	Vaka
4. Margrét Ívarsdóttir	4:13,1 mín.	Samhygð
5. Kolbrún Sara Másdóttir	4:33,0 mín.	Samhygð

Stigakeppni Karlar:

1. Haraldur Einarsson	38 stig	Vaka
2. Bjarni Már Ólafsson	29 stig	Vaka
3. Kristinn Þór Kristinsson	24 stig	Samhygð

Stigakeppni Konur:

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	37 stig	Vaka
2. Halldóra Markúsdóttir	31 stig	Samhygð
3. Guðmunda Ólafsdóttir	18 stig	Vaka

Bestu afrek Karlar:

Haraldur Einarsson ,	Þristökk	13,43 m.	773 stig
Haraldur Einarsson,	Langstökk	6,19 m.	749 stig
Bjarni Már Ólafsson,	Langstökk	6,02 m.	715 stig

Bestu afrek Konur:

Ingunn Harpa Bjarkadóttir,	100 m.	14,5 sek.	657 stig
Halldóra Markúsdóttir ,	100 m.	14,8 sek.	618 stig
Fanney Ólafsdóttir ,	100 m.	15,1 sek.	580 stig

Keppendur til stiga: Samhygð=12 Vaka=13

Stig féлага.

Vaka 176 stig
Samhygð 117 stig

Skjaldarhafi = Haraldur Einarsson Vöku.

Ferð eldri borgara í Flóahreppi

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi hyggjast bjóða eldri borgurum í Flóahreppi í skemmtiferð mánudaginn 5. september. Fyrirhugað er að fara upp á Akranes.

Rúta sem flytur mannskapinn tekur fólk upp í á eftirfarandi stöðum:

Félagslundur kl. 12:00

Þjórsárver kl. 12:15

Þingborg kl. 12:30



Pátttaka tilkynnist til:

Margrétar s: 486-3393, 864-1908

Aðalheiðar s: 486-3305, 866-3310

Dagskrá mánaðarins

Flóamótið	2. september
Ferð eldri borgara á Akranes	5. september
Kvinnasportið hefst	5. september
Æfing yngri	7. september
Kvöldstund Kvenfélags Gaulverjab.hr	8. september
Æfing yngri	14. september
Skila inn hugmyndum fyrir umhverfisverðlaun	15. september
Skeiðaréttir	17. september
Glímuæfing	19. september
Æfing yngri	21. september
Hautball í Félagslundi	24. september
Glímuæfing	26. september
Æfing yngri	28. september
Sumarbústaðaferð Kvenfélags Gaulverjab.hr.	30. september
Sumarbústaðaferð Kvenfélags Hraungerðishr.	30. september



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160